

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum um stjórnskipulag**  
**hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 416/2012.**

1. gr.

5. másl. 2. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi:

Til að auka gæði kennslu á hug- og félagsvísindasviði hefur miðstöð skólaþróunar með höndum fræðslu til kennara sviðsins, styður við rannsóknarstarf þeirra eftir því sem aðstæður leyfa og annast önnur þau verkefni er henni eru falin af fræðasviðinu.

2. gr.

Reglur þessar sem samþykktar voru af háskólaráði 30. nóvember 2012 eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 20. desember 2012.*

**Stefán B. Sigurðsson** rektor.

\_\_\_\_\_  
*Sigurður Kristinsson,*  
varaforseti háskólaráðs.